

Refsiréttarnefnd

Reykjavík, 5. desember 2005.


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 7. nóvember sl., þar sem farið er fram á umsögn refsiréttarnefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, 18. mál.

Refsiréttarnefnd telur ekki tilefni til að taka afstöðu til þeirra viðhorfa sem fram koma í frumvarpinu um þörf á þeim lagabreytingum sem hér er gerð tillaga um. Það er hins vegar mat refsiréttarnefndar að með markmið frumvarpsins í huga og í ljósi samspils 1. og 2. gr. þess við önnur ákvæði umræddra málsgreina í lögum nr. 45/1987 og lögum nr. 50/1988 megi einfalda nokkuð orðalag frumvarpsgreinanna þannig að það endurspegli með gleggri hætti þá ráðagerð frumvarpsins að lágmarksreglan um tvöfalda fésekt taki einungis mið af þeirri fjárhæð vanskila sem enn er til staðar þegar yfirskattanefnd ákvarðar sekt eða dómur gengur. Skattaðili geti því greitt inn á vanskil að hluta eða að öllu leyti allt þar til sektarákvörðun (eða dómur) liggur fyrir. Refsiréttarnefnd bendir auk þess á að það hefur ekki sjálfstæða þýðingu að taka sérstaklega fram að staðið sé skil á hluta fjárhæðar „réttilega tilgreindrar staðgreiðslu [virðisaukaskatts] samkvæmt skilagrein [virðisaukaskattskýrslu]“, enda er ljóst að vanskil sem refsinnæmt brot kemur fyrst og fremst til greina ef skilagreinar og virðisaukaskattskýrslur eru að öðru leyti réttar að efni til og skilað á réttum tíma. Í samræmi við framangreint setur nefndin fram þá ábendingu að gera mætti orðalag ákvæða 1. og 2. gr. skýrara og einfaldara með orðalag á borð við eftirfarandi sem væri eins í báðum tilvikum:

Ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar eiga einungis við um þann hluta skattfjárhæðar sem er enn í vanskilum þegar sekt er ákveðin eða dæmd.

f.h. refsiréttarnefndar,



Róbert R. Spanó formaður